

Dretnar. hukenberg Kveile. 1907

Sumargjöf. III. ár. 41



Fornar ástir.

(Brot).

Hrútur og Unnur.

Allegro,

Um eitt skeið stundaði jeg nám í læknaskólanum hjær í Reykjavík og hef jeg satt að segja ekki komið í lerdómsríkari skóla eða hitt fyrir betri kennara, þó að ýmsum góðum hafi jeg kynst. Ætti ekki illa við um læknisfraði það sem Kant kvað segja um landafræðina, að engin vísindi sjeu betur fallin til að efla heilbrigða skynsemi.

Eitt af því sem jeg kerði í læknaskólanum þó að ekki væri það beinlínis kent þar, var hyað muni hafa gengið að Unni Mardardóttur. Því að Unnar megin var krankleikinn en ekki Hrúts; hann hafði

hestaheilsu eins og síðar sást. Sextán sonu eignaðist hann; eða hver veit hvað marga. Því að þegar aðrir eins stillingarmenn eins og Njáll og Siðu-Hallur tóku fram líjá, þá er ekki þorandi að ábyrgjast Hrút.

Allir kannast við söguna af hjúskap Hrúts og Unnar, sem þeir hafa á hvolpavitsárunum lesið með sömu eftirtekt eins og suma staði í bók, er margir telja helgari en Njálu. Allir muna hvers vegna með þessum hjónum tókust ekki góðar ástir eins og segir svo oft í sögunum. Á þeim tínum var það algengara að hjúskapur leiddi til ástar en ást til hjúskapar; hyggindaráð voru tíðari en ástaráð. Osmikil hyggindi í þessum efnum hafa á síðari tínum ósjaldan þótt koma illa niður á afkvæminu, þó að oftast hafi það gefist vel áður, ef sögnum má trúa. Hjer er nú margt um að segja, en það á betur við að fresta því þar til er ræðir um Gunnar og Hallgerði.

Gamlir menn hrista höfuðið yfir hjúskaparsögu Hrúts og segja að hún sje sett saman af munkum í einlifi þeirra og kvennmannsleysi. En hitt mun þó vera sönnu nær, að þetta sje dyngjusaga en klaustra; sjúkdómslýsingin er umhverf.

Eins og kunnugt er — af sögunum — þá er það næstumesta yndi kvenfólksins að tala um ástir; trúlofanir ef ekki veiðist betur. Og alt sem aflaga fer í ástamálum er vanalega kent karlmönnum. Ekki ætla jeg þó að gesa í skyn að það sje kvenfólk ið í dyngjunum sem fyrst og fremst hafi gefið Hrút sök á hvernig fór; það var óefad Unnur sjálf, sem í hjartans einlægni hesur kent það bónða sínum, að þau gátu ekki komið sjer saman.

Svo segir Njála, að Unnur hafi á alþingi sagt Merði fóður sínum alla sögu. Frá hinu segir Njála

ekki, að Unnur trúði lika allra beztu vinkonu sinni á þinginu fyrir þessu viðkvæma leyndarmáli og bað hana þegja yfir. Hún gerði það lika — næstum því; hún sagði að eins *sinni* allra beztu vinkonu frá því. En þjóð veit ef þrjár vita, og þarf ekki þrjár til. — Þessi saga flaug þó að hún væri ekki af hvalreka. Jafnvel börnin töludu um Hrút og Unni og hvers vegna þau hefðu skilið. En konurnar auðvitað mest.

Það þurfti engan galdur til að sjá að þarna væru galdrar í leiknum, álög. Nú var rakinn æsiferill Hrúts fram að ljúskapnum. Hvar hafði hann orðið fyrir álögunum? Auðvitað erlendis, erlendis hafði fyr og síðar gerst margt sem síðarmeir kom óheppilega fram í íslenskum ljónaböndum. Hrútur hafði verið hirðmaður Haralds Gráfeldar, sonar Gunnhildar konungamóður. En af Gunnhildi fóru margar sögur og sumar kitlandi. Nú bættist ein við þar sem konurnar sátu í dyngjunni yfir saumum sínum. Og getspekin í ástamálum annara reisti sjer í fegursta reit íslenzkra bókmenta þann minnisvarða, sem hefur reynst óbrotgjarnari en eir.

Í marzm.

H. P.

